

Nd.

154. Frumvarp til laga

[88. mál]

um Framleiðnisjóð landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 13. des.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hlutverk sjóðsins skal vera það að veita styrki og lán til framleiðni aukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma.

Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra.

2. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs skal skipuð fimm mönnum, er landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra skipaður samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélagss Íslands, annar samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda og tveir án tilnefningar. Formaður sjóðsstjórnarinnar skal vera forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, sem greiðist með öðrum kostnaði úr sjóðnum.

3. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs úthlutar lánum og styrkjum úr sjóðnum. Af því fé, sem ráðstafað verður úr sjóðnum á ári hverju eftir 1966, má eigi verja meiru en $\frac{1}{3}$ hluta til styrkveitinga.

Um hver áramót skal stjórn Framleiðnisjóðs láta landbúnaðarráðherra í té skýrslu yfir störf sín og fjárveitingar úr sjóðnum á liðnu ári. Jafnframt skal sjóðsstjórnin senda landbúnaðarráðherra til athugunar fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir komandi ár og greinargerð um þau meginverkefni, er að kalla.

Við afgreiðslu þeirra mála, sem falla undir verksvið Framleiðnisjóðs, er stjórninni heimilt að leita aðstoðar opinberra stofnana og hvers þess aðila, sem hefur sérþekkingu til að bera á þeim málum.

4. gr.

Stofnframlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal vera 50 millj. krónur.

Af stofnframlaginu greiðast 20 millj. krónur á árinu 1966 og skal stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafa þeirri fjárhæð, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, til vinnslustöðva landbúnaðarins vegna endurbóta, sem gerðar hafa verið á árinu 1966. Eftirstöðvarnar, 30 millj. krónur, skulu greiðast með jöfnum árlegum greiðslum á árunum 1967—1969.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefur umsjón með Framleiðnisjóði, sér um bókhald hans og rekstur, eftir nánara samkomulagi við sjóðsstjórnina.

Framleiðnisjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungarupphóði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framleiðnisjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

Stjórn sjóðsins semur um þóknun til Búnaðarbankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

6. gr.

Um endurskoðun og bókhald Framleiðnisjóðs fer eftir lögum nr. 115 7. nóvember 1941, um Búnaðarbanka Íslands, og reglugerð hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

Reikningar Framleiðnisjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs ákveður vexti af lánnum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.